

Fréttabréf STEFs | Október 2020

Ný stjórn STEFs

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs var haldinn 23. maí s.l. Þar fór í fyrsta skipti fram stjórnarkjör samkvæmt breyttum reglum samþykka STEFs. Fimm stjórnarmenn voru kjörnir, en auk þeirra sitja í stjórninni formenn FTT (Félag tónskálda og textahöfunda) og TÍ (Tónskáldafélag Íslands) þau Bragi Valdimar Skúlason og Þórunn Gréta Sigurðardóttir. Í framhaldi af aðalfundinum fundaði nýkjörin stjórn og kaus sér formann og varaformann. Fráfarandi stjórnarmenn sem ekki gáfu kost á sér til setu lengur eru þeir Jakob Frímann Magnússon, Hjálmar H. Ragnarsson og Óttarr Proppé. Eru þeim heilshugar þökkuð vel unnin störf.

Ný stjórn STEFs er skipuð eftirfarandi aðilum:

Bragi Valdimar Skúlason (formaður)
Þórunn Gréta Sigurðardóttir (varaformaður)
Hallur Ingólfsson
Hildur Kristín Stefánsdóttir
Páll Ragnar Pálsson
Sigríður Thorlacius
Sigurður Flosason

Eins og sjá má sitja nú þrjár konur í stjórn STEFs og er það í fyrsta sinn sem fleiri en ein kona situr í stjórninni, en það blað var brotið með kjöri Þórunnar Grétu Sigurðardóttur fyrir fjórum árum síðan.



Samstöðufundur v. COVID-19 og viðbrögð við veiruvandanum

Þann 2. september s.l. héldu hagsmunaaðilar í tónlistarbransanum fjölmennan samstöðufund á netinu. Vel mæltist þar fundarmönnum og var algjör einhugur um nauðsyn þess að stjórnvöld huguðu að þessum geira, sem orðið hefur algjörlega útundan í aðgerðarpökkum hingað til. Fyrr í haust kom út skýrsla sem hagsmunaaðilar létu gera og fjallar um áhrif COVID-19 á tónlistarfólk (þ.á.m. tónhöfunda). Í stuttu máli er niðurstaðan sláandi og sýnir glögglega að faraldurinn hefur haft afar slæm áhrif á geirann, hafa fáar stéttir í raun hlotið verri skell. [Hér má lesa samantekt um helstu niðurstöður.](#)

Mjög stóð á viðbrögðum stjórnvalda við þessum vanda. Hins vegar virðist vera að rofa til, því þann 16. október skýrði frjármálaráðherra frá því að frumvarp yrði fljótlega lagt fyrir Alþingi í þeim tilgangi að koma til móts við einyrkja eins og sviðslistafólk og fyrirtæki með einn til þrjá starfsmenn. Gengur frumvarpið út á það, að ef viðkomandi getur sýnt fram á að hafa orðið fyrir a.m.k. 50% tekjutapi á 2. og 3. ársfjórðungi þessa árs (m.v. sama tímabil á árinu 2019), þá eigi hann/hún rétt á styrk að fjárhæð allt að kr. 400 þúsund á mánuði fyrir þessa sex mánuði á hvern starfsmann. Bundnar eru vonir við að þetta frumvarp fari hratt í gegnum Alþingi, því þörfin er brýn.

Á þessum nótum er rétt að minna höfunda á að enn er opið fyrir sérstakar fyrirframgreiðslur v. COVID. [Hér er er að finna nánari upplýsingar](#) um þær.

Jakob Frímann heiðraður

Jakob Frímann Magnússon var sæmdur heiðursmerki STEFs á fundi fulltrúaráðs þann 26. september. Jakob hefur um árabil gegnt trúnaðar- og forystustörfum fyrir STEF og fullyrða má að fáir — ef nokkur — hafi í seinni tíð unnið jafn ötult og óeigingjarnt starf fyrir tón- og textahöfunda. Fyrir atbeina og eftirfylgni Jakobs hafa fjölmörg framfaramál náðst í höfn og standa höfundar í þakkarskuld við þennan eljusama fram- og bakvörð tónlistarlífs í landinu. Auk Jakobs eru á meðfylgjandi ljósmynd þau Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs og Bragi Valdimar Skúlason, núverandi stjórnarformaður.





„Vindur í seglum“ – mentor-prógramm

Stjórn STEFs tók nýverið ákvörðun um tilraunaverkefni, að tillögu nýstofnaðrar jafnréttisnefndar STEFs. Verkefnið snýr að „mentor-prógrammi“ fyrir konur (og önnur kyngervi í minnihluta). Um er að ræða áttak sem ætlað er að styðja áhugasama höfunda við að fóta sig og koma verkum sínum á framfæri. Þrátt fyrir að konur séu í dag 19,6% höfunda á skrá STEFs, þá eiga konur eingöngu um 11% skráðra verka og fá að sama skapi ekki nema 10,5%

höfundaréttargreiðslna. Ljóst er að ástæður þess eru margbættar og má rekja til ytra umhverfis sem og innri félagslegra þátta. Telur STEF eðlilegt að gangast fyrir sérstöku áttaksverkefni til að styðja við konur sem eru að feta sín fyrstu skref í tónlistargeiranum.

[Hér er nánari kynning á verkefninu.](#)

[Hér er hægt að smella til að sækja um.](#) Umsóknarfrestur er til 2. nóvember 2020. —Gert er ráð fyrir að þátttakendur og leiðbeinendur vinni sína vinnu á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 2021.

Samningur við YouTube

Þann 1. október s.l. gerði *Polaris Hub* — sameiginleg leyfismiðstöð KODA (Danmörk), Teosto (Finnland) og TONO (Noregur) — nýjan samning við YouTube, sem kemur í stað eldri samnings. STEF er einnig aðili að þessum samningi, sem er afrakstur áralangrar baráttu, einkum KODA, við netrisann Google, eiganda YouTube.

Átökin snérust ekki síður um skilmála tímabundinnar framlengingar á eldri samningnum, en um skilmála hins nýja samnings. Google gerði kröfu um um 70% tímabundna lækkun á greiðslum á meðan nýi samningurinn væri í smíðum. Því hafnaði KODA alfarið, jafnvel þótt það hefði í för með sér að gamli samningurinn rynni út og Google fjarlægði tímabundið allt efni félagsmanna KODA af danska hluta YouTube.

Þetta setti auðvitað mikinn þrýsting á KODA. Vitað var að önnur Evrópsk höfundaréttarsamtök þorðu ekki að taka slíkan slag við Google. En það er álit forráðamanna *Polaris Hub* að þessi slagur hafi borgað sig og að nýi samningurinn hefði án vafa orðið veikari ef KODA hefði látið undan kröfu Google.

Heildargreiðsla hækkar frá því sem var í eldri samningi, en erfitt að þó að bera nýja samninginn samann við þann eldri, sem tók aðeins til Íslands, því nýi samningurinn tekur til streymis á mun fleiri svæðum. Ekki er unnt að skýra hér nánar frá innihald samningsins, því allir samningar við alþjóðleg fyrirtæki eru háðir þagnarskylduákvæðum.

Nokkrar algengar spurningar um samninginn:

Hvað þarf til að fá greitt frá STEFi fyrir tónlist sem flutt er á YouTube?

Eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla:

- Tónlistin þarf að vera skráð hjá STEFi.
- Tónlistin þarf að vera sett á YouTube í gegnum viðurkenndan miðlara (e. aggregator) eða dreifingaraðila.
- Veita þarf leyfi fyrir því að a.m.k. ein auglýsing megi fylgja myndböndunum sem fylgja tónlistinni.



Hvernig ákvarðast tekjurnar?

Tekjurnar eru háðar því að auglýst sé með myndböndunum sem fylgja verkunum. Greiðslan fer eftir því hversu miklar auglýsingatekjur koma inn af viðkomandi myndbandi/lagi.

Hvernig skráist tónlistin?

YouTube ber kennsl á verkin með því að samkeyra innsend myndbönd við tilvísunarskrá frá miðlaranum eða dreifingaraðilanum sem hleður laginu upp. Athugið, að ef laginu hefur **ekki** verið hlaðið upp í gegnum viðurkennt tónlistarfyrirtæki eða dreifingaraðila, þá fær lagið **ekki** auðkenningu og því fást **ekki** greiðslur fyrir tónlistina.

Til hvaða landa tekur nýi samningurinn?

Samningurinn gildir um réttindi meðlima STEFs í öllum Evrópulöndum, í Afríku sem og hluta af Asíu. Greiðslur fyrir streymi á þessum svæðum berast beint frá YouTube til STEFs. Í öðrum löndum munu greiðslur falla undir hefðbundna tvíðhliða samninga sem STEF hefur við systurfélög í hverju landi fyrir sig.

Fæ ég greitt fyrir tónlist í auglýsingum á YouTube (hafi ég samið slíka tónlist)?

Ekki er úthlutað fyrir tónlist í auglýsingum sem birtast með myndböndum á YouTube.

Hljóðsetning 101: Veffundur STEFs og NCB um hljóðsetningarleyfi

Að fá leyfi fyrir notkun tónlistar í kvikmyndum og sjónvarpi getur virst tímafrekt og flókið ferli. Hvenær þarf maður leyfi fyrir slíkri notkun? Hvernig aflar maður sér leyfis og hvers vegna? **Þann 26. nóvember n.k.** standa STEF og NCB fyrir

veffundi, þar sem fræðast má um réttindi og notkun tónlistar í kvikmynda- og þáttagerð. Til þess að mega nota áður útgefna tónlist í kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum þarf hljóðsetningarleyfi (e. synchronisation). Það á þó ekki við ef sú sjónvarpsstöð sem sýnir þáttinn er einnig framleiðandi hans og er með leyfi STEFs.

Leyfi STEFs nær þó aldrei til leikinna dramasería né einkennislaga þátta. Þegar að leyfi STEFs sleppir getur NCB veitt leyfi fyrir hönd rétthafa um allan heim, ef þátturinn er sýndur á Norðurlöndunum. Ef dreifing á að vera alþjóðleg getur NCB veitt leyfi fyrir hönd meðlima Norræna höfundaréttarsamtaka. Eins og sést bara á þessari stuttu umfjöllun, er þetta alls ekki einfalt. Á vefundinum mun **Gina Rosland Eide** frá NCB fara í gegnum ferlið, allt frá því að lag er valið, þangað til framleiðslan er tilbúin til sýningar. Veffundur þessi verður haldinn í samstarfi við Kvikmyndamiðstöðina, SÍK og RÚV.

[Hér eru nánari upplýsingar um veffundinn.](#)

